

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		kr.
A) Íbúðir	sorphirðugjald	5.000
B) Fyrirtæki		
Flokkur 1	sorphreinsigjald kr. 275.000 og sorpeyðingargjald	110.000
" 2	" " 110.000 og "	90.000
" 3	sorphirðugjald	65.000
" 4	"	45.000
" 5	"	22.000
" 6	"	11.000
" 7	"	6.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hreinsun og flutnings sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 4/1999 um reiknaða fyrningu og vexti vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, *sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breyting á þeim lögum.*

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1999 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1997 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1998.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1998 telst 10% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,8% vöxtum reiknuðum hlutfallslega

- miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1998. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.
4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1998 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 5. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum skal þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar eftirtalinnna einstaklinga vera sem hér segir:

- 100%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra.
- 75%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar.
Börn, 17 ára og yngri, sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.
- 50%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar.

2. gr.

Sjúkratryggð börn, 17 ára og yngri, skulu hafa einn ábyrgðartannlækni sem annast allar nauðsynlegar almennar tannlækningar þeirra. Heimilt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að leita aðkallandi aðstoðar annars en ábyrgðartannlæknis. Ábyrgðartannlæknir getur verið hvort heldur er skólatannlæknir eða einkatannlæknir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í tannlækningum barna og unglunga 17 ára og yngri öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð, sbr. 2. tl. 1. gr. Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir, enda teljist viðkomandi ekki í sérstakri áhættu vegna munnsjúkdóma:

- Skoðun, eftirlit og fræðsla; ein tímæining alls.
- Röntgenmyndir; tvær myndir hið mesta.
- Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; ein meðferð.
- Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; tvær tímæiningar hið mesta.

Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra sem eru í sérst. áhættu vegna munnsjúkdóma við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir:

- Skoðun, eftirlit og fræðsla; tvær tímæiningar alls.
- Röntgenmyndir; fjórar myndir hið mesta.
- Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; tvær meðferðir hið mesta.
- Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; fjórar tímæiningar hið mesta.